



9. desember 2021
Tilv.: 2111112

Dreifibréf nr. 71/2021

til fjármálafyrirtækja, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) og evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hafa gefið út sameiginlegar viðmiðunarreglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (EBA/GL/2021/06 – ESMA35-36/2319), sbr. 12. mgr. 91. gr. tilskipunar 36/2013/ESB (CRD) og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/65/ESB (MiFID2).¹ Viðmiðunarreglurnar taka gildi 31. desember 2021 og eru aðgengilegar [hér](#).

Viðmiðunarreglurnar fjalla um hæfi og hæfni stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja og útfæra nánar 52., 52. gr. a og 52. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 10. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Í viðmiðunarreglunum er útlitað nánar hvað felst í einstaka hæfisákvæðum, s.s. varðandi viðeigandi þekkingu, færni og reynslu, gott orðspor, heiðarleika og sjálfstæði í hugsun.

Viðmiðunarreglurnar leysa af hólmi sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um sama efni (EBA/GL/2017/12).² Í þessari útgáfu viðmiðunarreglanna er meðal annars að finna ný ákvæði sem varða umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) (e. Environmental, social and governance (ESG)) og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá er einnig að finna ný ákvæði sem miða að því að jafna hlutfall kynja við val á stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og stjórnendum.

Viðmiðunarreglunum er beint að fjármálafyrirtækjum samkvæmt gildissviði þeirra. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) beinir viðmiðunarreglunum einnig að rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, greiðslustofnunum og rafeyrisfyrirtækjum eftir því sem við á, enda gilda ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, um mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þeirra.

¹ Joint ESMA and EBA guidelines on the assessment of the suitability of members of the management body and key function holders under Directive 2013/36/EU and Directive 2014/65/EU.

²<https://www.fme.is/media/vidmid-fme/vidmidunarreglur-eba-um-innri-stjornarhaetti-fjar-malafyrirtaekja-og-sameiginlegar-vidmidunarre.pdf>

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA og ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá 31. desember 2021.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt. Fjármálaeftirlitið mun þó ekki beita 8. hluta (e. Title VIII) viðmiðunarreglnanna að því er varðar mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi lykilstarfsmanna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja, en vekur athygli á mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki gæti að hæfisskilyrðum lykilstarfsmanna í samræmi við viðmiðunarreglurnar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir



Gunnar Þór Ásgeirsson
lögfræðingur
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir